

Borgarstjórn
5. febrúar 2019

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um mislæg gatnamót við Bústaðaveg og Reykjanesbraut

Lagt er til að gerð verði mislæg gatnamót við Bústaðaveg/Reykjanesbraut í tengslum við aðrar framkvæmdir á svæðinu.

Greinargerð:

Miðflokkurinn gerir tillögu um að borgarstjórn samþykki hér í dag að leita til Vegagerðarinnar um gerð mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar við Bústaðaveg.

Gatnamótin Reykjanesbraut-Bústaðavegur eru í þriðja sæti á lista yfir hættulegustu gatnamót landsins. Þar hafa orðið 354 umferðaróhöpp á síðastliðnum 10 árum (2008-2018), þar af 54 sem valdið hafa slysum á fólki, eða 90 manns alls.

Þetta eru ískyggilegar tölur og því ekki að furða að þessi gatnamót séu talin samfélaginu ein þau dýrustu sem fyrirfinnast á landinu.

Lítum á nokkrar tölur í þessu samhengi:

Samanlagður kostnaður vegna slysa og óhappa við þessi gatnamót að viðbættum þeim aftanákeyrslum sem verða í bílaröðinni sem myndast frá þeim, er upp á 3,5 milljarða króna á 10 ára tímabili. Það gera 350 milljónir á ári.

Samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar er reiknuð meðaltalstöf 24 sekúndur pr. bifreið við þessi gatnamót, sem 74.000 bifreiðar eiga leið um á sólarhring. Ein klukkustund í akstri er varlega áætlað metin á kr.2,480 og er þar miðað við eldsneytiskostnað, tíma ökumanns ofl. Þannig má reikna að árlegur kostnaður vegna tafa sé um 448 milljónir.

Að teknu tilliti til ofnagreinds má því áætla að hreinn kostnaður samfélagsins af þessum gatnamótum óbreyttum sé ekki minna en 798 milljónir á ári.

Þá er ómetin sú gríðarlega auka megnun sem af hlýst. Rétt um 800 milljónir á ári, það er ekki lítið. En hvað skyldi nú kosta að gera mislæg gatnamót á þessum stað? Í mars 2017 hófst gerð mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar við Krýsuvíkurveg. Kostnaður við þá framkvæmd er 918 milljónir. Miðað við að skynsamleg leið sé valin er sú tala fullkomlega samanburðarhæf við gerð mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar við Bústaðaveg.